



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16.10 2012
Tilvísun: 201210-0018

Efni: Frumvarp um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 (173. mál).

Vísað er til umsagnar sambandsins um sama mál þá er það var flutt sem mál nr. 739 á 140 þingi. Þar segir:

„Alþýðusamband Íslands tekur undir þær athugasemdir sem Landssamband lögreglumanna gerir við efni þessa frumvarps að því er varðandi verkfallsrétt lögreglumanna.

Verkfallsréttur launafólks er er hluti af grundvallarréttindum í öllum lýðræðisríkjum sem stjórnvöldum ber að viðurkenna og vernda. Lögreglumenn gegna mjög sérstökum og mikilvægum störfum til varnar borgurunum og stofnunum samfélagsins. Eðlilega getur verkfallsréttur þeirra takmarkast í framkvæmd, líkt og við getur átt um aðrar stéttir sem gegna lykilhlutverki hvað varðar öryggi og velferð borgaranna. Þær takmarkanir geta hins vegar ekki leitt til þess að verkfallsréttur allra lögreglumanna í öllum störfum sem undir kjarasamninga þeirra falla takmarkist fyrirfram, nema og þá því aðeins að sérstaklega sé um slíkt samið fyrirfram og með afturkallanlegum hætti.

Landssamband lögreglumanna hefur lagt áherslu á að lögreglumenn endurheimti verkfallsrétt sinn. Þá kröfu styður Alþýðusamband Íslands heilshugar.“

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.
Lögfræðingur ASÍ.